

Reykjavík, 20. ágúst 2018

Niðurstaða athugunar á tilkynningum Gamma Capital Management hf. til Fjármálaeftirlitsins um hreinar skortstöður

Fjármálaeftirlitið hóf í febrúar 2018 athugun á tilkynningum Gamma Capital Management hf. (Gamma/félagsins) til Fjármálaeftirlitsins um hreinar skortstöður í hlutabréfum á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (hér eftir skortsölureglugerðin/reglugerðin) sem tók gildi hér á landi með lögum nr. 55/2017 um skortsölu og skuldatryggingar.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar ber aðila að veita almenningi upplýsingar um hreina skortstöðu þegar hlutfallið jafngildir 0,5% af útgefnu hlutafé viðkomandi félags og hvert 0,1% umfram það. Í inngangsorðum skortsölureglugerðarinnar, nánar tiltekið 15. tölul., kemur fram að tilkynna beri breytingu á hreinni skortstöðu sem veldur hækkun eða lækkun yfir eða undir viðmiðunarmörk.

Tilkynningar um hreinar skortstöður skulu berast lögbæru yfirvaldi, þ.e. Fjármálaeftirlitinu, eigi síðar en kl. 15:30 næstkomandi viðskiptadag eftir að hrein skortstaða myndaðist, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Fjármálaeftirlitið birtir á vefsíðu sinni upplýsingar um verulegar hreinar skortstöður skv. 6. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. og 5. mgr. 6. gr. laga nr. 55/2017 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur af ásetningi eða gáleysi gegn 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Um fjárhæðaramma stjórnvaldssekta sem lagðar eru á lögaðila er fjallað í 3. mgr. lagaákvæðisins, sbr. einnig 2. mgr. þess.

Markmið laga um skortsölu og skuldatryggingar er m.a. að auka gagnsæi í skortstöðum vissra fjármálagerna. Opinber birting upplýsinga skv. 6. gr. reglugerðarinnar hefur þann tilgang að veita markaðsaðilum gagnlegar upplýsingar um verulegar einstakar skortstöður í hlutabréfum. Svo markmið laganna nái fram að ganga er því nauðsynlegt að tilkynningar skv. 6. gr. skortsölureglugerðarinnar berist Fjármálaeftirlitinu innan þess tímafrests sem reglugerðin tilgreinir.

Athugun Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að á tímabilinu 7. júlí 2017 til og með 4. ágúst 2017 hefði Gamma í fjórum tilvikum borið að senda eftirlitinu tilkynningar um verulega hreina skortstöðu í N1 hf. samkvæmt 1. mgr. 6. gr. skortsölureglugerðarinnar. Í þremur tilvikanna barst tilkynning alls ekki og í einu tilvikanna barst tilkynning tveimur dögum of seint.

Gamma gaf þá skýringu að vanhöld á tilkynningum mætti rekja til þess að vörsluaðili félagsins hefði ranglega skráð nafnverð heildarhlutafjár viðkomandi félags, N1 hf.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins, að nýta ekki heimild til að leggja á stjórnvaldssekt vegna brotanna. Til stuðnings ákvörðun sinni vísaði Fjármálaeftirlitið til þess að með lögum nr. 55/2017, sem tóku gildi 1. júlí 2017, voru innleiddar reglur um skortsölu og skuldatryggingar sem ekki höfðu áður þekkt í íslenskri löggjöf og að umrædd brot Gamma áttu sér stað á fyrstu vikum eftir gildistöku laganna.